



## Gagnatöflur váttryggingafélaga - fyrsti ársfjórðungur 2020


### Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt gagnatöflur váttryggingafélaga á samandregnu formi fyrir fyrsta ársfjórðung 2020. Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri þeirra á fyrsta ársfjórðungi 2020.

### Skaðatryggingastarfsemi – fyrsti ársfjórðungur 2020

Iðgjöld í eigin hlut námu 15,8 ma.kr. og jukust um 4%, samanborið við fyrsta ársfjórðung 2019. Tjón í eigin hlut námu 15,4 ma.kr. og jukust um 19% eða sem nemur 2,5 ma.kr. yfir sama tímabil. Mest er aukningin í tjónum á milli ára í lögboðnum ökutækjatrýggingum (1.473 m.kr.) og eignatrýggingum (613 m.kr.). Rekstarafkoma í skaðatryggingastarfsemi á fyrsta fjórðungi ársins 2020 var neikvæð um rúmar 3.040 m.kr., þar af var afkoma í lögboðnum ökutækjatrýggingum neikvæð um 2.278 m.kr.

Heildareignir skaðatryggingafélaga í lok fyrsta ársfjórðungs 2020 námu 167 ma.kr., samanborið við 154 ma.kr. í árslok 2019. Váttryggingaskuld fyrir hlut endurtryggjenda hækkaði um 11% samanborið við fyrsta ársfjórðung 2019 og nam í lok tímabilsins 99,9 ma.kr. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi<sup>1</sup> voru 52,4 ma.kr. við lok fjórðungsins og hækkuðu um 5,5 ma.kr. frá sama tíma í fyrra. Fjárfestingareignir skaðatryggingafélaga námu 131 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020. Hafa fjárfestingareignir aukist um 15,7 ma.kr. frá sama tímabili í fyrra. Mest er aukning í fyrirtækjaskuldabréfum og hlutabréfum sem jukust samanlagt um 15 ma.kr.



**Mynd 1:** Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.


Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingafélaga var 162% við lok fyrsta ársfjórðungs 2020 og lækkar um 7 prósentustig frá fyrri fjórðungi.

<sup>1</sup> Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.



## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

### Gjaldþolshlutfall




**Mynd 2:** Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Rauði punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.



## Líftryggingastarfsemi – fyrsti ársfjórðungur 2020


Iðgjöld í eigin hlut námu 1,3 ma.kr. og jukust um 4% milli ára. Tjón í eigin hlut námu 440 ma.kr. og drógust saman um 5% frá fyrra ári. Rekstrarafkoma í líftryggingastarfsemi nam 523 m.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs. Jákvæð rekstrarafkoma var í öllum greinum líftrygginga.

Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 18,5 ma.kr. Þar af námu fjárfestingareignir 9,2 ma.kr. Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 5,2 ma.kr. og hækkar um 3% frá sama tímabili í fyrra. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 5,8 ma.kr. í lok tímabilsins.



**Mynd 3:** Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) líftryggingafélaga var 257% við lok fyrsta ársfjórðungs 2020 og hækkaði um 27 prósentustig milli ára.



**Mynd 4:** Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um vátryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Rauði punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.